

Fundur í skólaráði Varmahlíðarskóla 5.mars 2018

Mættir: *Hanna Dóra, Hafdís Edda, Svanhildur Páls, Laufey Haralds, Trostan Agnars, Ólafur Sindra, Guðmundur Guðmunds, Leó Einars, Einar Kára, Aníta Ýr, Jódís Helga.*

Efni fundarins:

1. Hanna Dóra setur fundinn kl. 9.24 og býður fundarmenn velkomna og býður jafnframt fulltrúum nemendaráðs að stýra fundinum.
Jódís og Aníta taka að sér fundarstjórn.
2. Umfjöllun um nemendaping: Jódís fer yfir nokkur atriði sem tengjast nýafstöðnu nemendapingi sem haldið var með Grunnskólanum austan Vatna sl. fimmtudag.
Almenn ánægja var meðal nemenda með framkvæmdina - og lýst yfir áhuga á að fylgja þessari samvinnu skólanna um félagsmál og umræðuping, eftir með markvissum hætti.
Niðurstöður þingsins verða teknar saman og kynntar þegar þær liggja fyrir.
Hugmyndir um að Unglingaráð fundi með Þorvaldi Gröndal og reyni að auka samskipti þessara skóla á ýmsum sviðum.
3. Hanna Dóra segir frá nýjum tölvum sem skólanum hafa borist, vegna styrks frá verkefninu „Forritarar framtíðarinnar.“ Um er að ræða borðtölvur sem settar hafa verið upp í tölvuverinu og leysa Cromebooks tölvurnar af hólími, þar inni.
Hanna Dóra segir styrkinn einnig hugsaðan að hluta til endurmenntunar kennara í tölvumálum; sú endurmenntun er þegar hafin.
Hanna Dóra reifar hugmyndir að fyrirkomulagi forritunarkennslu í skólanum næsta vetur - en vonir standa til að hægt verði að bjóða upp á forritun, í vali á unglingastigi.
Aníta spyr um fingrasetningarkennslu - hver sé stefna skólans í þeim efnum?
Hanna D. fer yfir þau mál - og segir að nauðsynlegt sé að taka þá kennslu fastari tökum. Fundarmenn taka undir það og lýsa yfir áhyggjum sínum af „tveggja putta“ notkun - sem hamlar áslætti á hefðbundið lyklaborð.
4. Jódís nefnir tvö mál sem brenna á nemendum - annarsvegar klósettaðstöðu nemenda sem er orðin lúin og hins vegar teppin á göngum skólans, sem slíta sokkum svo skaði er að.
Hanna Dóra tekur undir þessar vangaveltur og reifar hvernig fjármunum er úthlutað til viðhalds og verkefna innan skólans.
5. Jódís og Aníta reifa hugmyndir nemendaráðs um að koma upp tússtöflu á unglingaganginn til að koma auglýsingum á framfæri. Hanna Dóra tekur vel undir það.
6. Nemendaráð nefnir hugmyndir um að það fái fulltrúa í uppstillingarnefnd valgreina - þ.e. fái að koma hugmyndum sínum á framfæri um uppröðun

valgreina á daga. Hanna Dóra tekur undir þær hugmyndir en segir þær í raun ekki framkvæmanlegar vegna þess að þetta er skipulag sem krefst yfirlegu og tíma - og skorður settar í ýmsum efnum. Í framhaldinu rætt um valið í heild - framboð og eftirspurn.

7. Nemendaráð telur vöntun á samfélagsfræðitímum í stundaskrá. Guðm. nefnir að það þyrfti að kenna landafræði sem sér námsgrein. Er landafræði val eitthvað sem myndi henta? Umræður um þessi mál - vítt og breitt.
8. Nemendaráð viðrar hugmyndir um uppbrot á kennslustundum. Finnst vanta meira uppbrot í námsgreinar - of mikið unnið í vinnubókum, að þeirra mati. Umræður spunnust um útikennslu - aðstöðuna til þess að læra úti og þörfina á því. Í framhaldinu fór umræðan út í aðstöðuleysi til útiþróttaiðkunar - vöntun á körfuboltaaðstöðu ofl.
9. Umræður um Mentor og Classroom. Nemendum finnst „kerfið” ruglingslegt og of margt í gangi í einu - þ.e. heimanám sett fyrir á mörgum stöðum í kerfinu o.s.frv. Allir sammála um að það þurfi að samræma þetta milli kennara. Eitthvað rætt um vatnsskemmdir í lofti og leka á húspökum, gúmmíkurl á fótboltavöllum, net í fótboltamörkum ofl. Umræður um þetta vítt og breitt og sitt sýndist hverjum.
10. Hanna Dóra þakkar fundarmönnum góða fundarsetu og telur jákvætt að fá sameiginlegan fund með skólaráði og nemendaráði. Hún þakkar jafnframt fyrir góða fundarsetu og slítur fundi kl. 10.31

Fundargerð ritaði: Ólafur A. Sindrason